

Nd. **62. Frumvarp til laga** **[41. mál]**

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

42. grein laganna falli niður.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 11. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til, að embætti rannsóknardómara í skattamálum, sem sett var á stofn með lögum nr. 20 1942, verði lagt niður. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr kostnaði við ýmiss konar opinberan rekstur.

Rannsóknarstörf þau, sem skattdómara voru ætluð, falla því eftirleiðis undir starfssvið héraðsdómara.